

## BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Arion banka hf. 16.3.2022

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að gerð verði grein fyrir eftirfarandi afstöðu af fundarstjóra áður en gengið er til atkvæða um eftirfarandi dagskrárlið og að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

### Dagskrárliður 9 – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans

Gildi-lífeyrissjóður greiðir atkvæði gegn tillögunni. Breytingar sem lagðar eru til á starfskjarastefnu bankans á þessum aðalfundi eru jákvæðar að mati sjóðsins og miða að því að auka skýrleika stefnunnar.

Á hinn bóginn virðast laun stjórnenda að mati sjóðsins, þegar tillit er tekið til möguleika á árangurstengdum greiðslum, kaupréttum og áskriftarréttindum, mun hærrí en það sem gengur og gerist hjá öðrum íslenskum bönkum og skráðum fyrirtækjum sem starfa á íslenskum markaði, eins og sjóðurinn hefur áður rakið á síðasta aðalfundi bankans. Ef félög ákveða að notast við árangurstengd launakerfi að einhverju marki er eðlilegt að föst laun séu að sama skapi lægri samanborið við félög þar sem slík kerfi eru ekki til staðar. Þá er mikilvægt að slík kerfi hvetji ekki til óeðlilegrar áhættutöku. Því er beint til stjórnar félagsins að taka framkvæmd starfskjarastefnu félagsins til endurskoðunar með þessi sjónarmið í huga. Meðan framkvæmdin samræmist ekki að mati sjóðsins, a.m.k. hvað varðar efsta lag stjórnenda, þeirri starfskjarastefnu sem lagt er upp með telur sjóðurinn ekki efni til þess að samþykkja stefnuna.

**16. mars 2022**  
**Gildi-lífeyrissjóður**